

**Þingflokksfundur Pírata**  
**Mánudaginn 22. maí 2017 kl. 13:00-15:00**

**Nr. 30/2017**

Fundinn sátu: Björn Leví Gunnarsson, Gunnar I. Guðmundsson, Þórhildur Sunna Ævarsdóttir, Birgitta Jónsdóttir, Halldóra Mogensen, Smári McCarthy, Jón Þór Ólafsson, Einar Brynjólfsson, Kristján Gunnarsson, Erla Hlynsdóttir, Eiríkur Rafn Rafnsson og Baldur Karl Magnússon sem ritaði fundargerð.

**1. Fundargerð (2 mín)**

Fundargerð frá 17. og 18. maí samþykkt.

**2. Dagskráin í dag og næstu daga (5 mín) (EB)**

Farið yfir dagskrá mánudag, þriðjudag og miðvikudag. Óundirbúnað fyrirspurnir mánudag kl. 15:00: Einar Brynjólfsson ræðir við umhverfisráðherra um United Silcon og Björn Leví við menntamálaráðherra um reglugerð um samræmd próf. Störf þingsins þriðjudag: Björn Leví, Einar og Jón Þór. Óundirbúnað fyrirspurnir miðvikudag: Birgitta Jónsdóttir ræðir við fjármálaráðherra, Halldóra Mogensen ræðir við félags- og jafnréttismálaráðherra vegna NPA. Þingvakt: Allar hendur á dekk.

Tillaga um að við tökum ekki þátt í að para út af nefndarfundum í atkvæðagreiðslum. Samþykkt samhljóða með öllum atkvæðum.

**3. Brif af þingflokksformannafundi (og umræður í framhaldi) (5 mín) (EB)**

Ekki var búið að halda fundinn, en Einar og Birgitta voru búin að ræða við formenn annarra flokka. Farið var yfir drög að dagskrá vikunnar. Rætt um þingstarfið næstu daga og vikur.

**4. Umboð á formannafundum (5 mín) (EB)**

Birgitta er samningamaður þingflokksins á formannafundum. Samþykkt samhljóða með öllum greiddum atkvæðum. Eiríkur sér um tilkynningu þess efnis.

**5. Samráðshópur um aðgerðaáætlun í loftlagsmálum (5 mín)**

Einar kosinn í nefnd um aðgerðaáætlun í loftlagsmálum með öllum atkvæðum greiddum.

**6. Dagskrárbreyting: Varamaður í ÍLS**

Eiríkur Rafn hefur samband við tilnefndan aðila sem varamaður í stjórn ÍLS.

**7. Dagskrárbreyting: Siðareglur**

Umræða um drög að siðareglum fyrir þingflokkinn. Í lok þingfundar voru siðareglurnar samþykktar með öllum atkvæðum greiddum.

**8. Bréf úr nefndum (10 mín)**

Viðstaddir gerðu grein fyrir stöðu mála í nefndum og farið var yfir atkvæðaskýringaskjöl.

**9. Vantrauststillögur (BLG)**

Rætt um hugmyndir um vantraustsyfirlýsingu.

**10. Boð á aðalfundir fyrirtækja og viðvera okkar þar (10 mín)**

Dagskrárlið frestað.

**11. RARIK (10 mín)**

Dagskrárlið frestað.

**12. Öflugri tengsl við grasrót (ERR)**

Dagskrárlið frestað.

**13. Önnur mál**

Engin önnur mál.